

Fimmtudaginn 23. október 1997.

Nr. 266/1997.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Arnari Helga Lárussyni

(Helgi Jóhannesson hrl.)

Líkamsárás.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. júní 1997 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun og einnig af hálfu ákærvalds. Endanleg krafa ákærvaldsins er sú, að héraðsdómur verði staðfestur.

Ákærði krefst þess, að hann verði dæmdur í vægustu refsingu, sem lög leyfa, og að hún verði skilorðsbundin.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um skaðabætur er ekki til endurskoðunar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt gögnum, sem voru lögð fyrir Hæstarétt við munnlegan flutning málsins, var ákærði dæmdur 7. október 1997 í Héraðsdómi Reykjaness í 45 daga fangelsi fyrir tvö brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem drýgð voru eftir uppkvaðningu héraðsdóms í þessu máli. Við málflutning var það jafnframt upplýst, að ákærði hefur ekki greitt skaðabætur samkvæmt því, sem ákveðið var í héraðsdómi. Að gættu þessu og ákvæðum 77. gr. almennra hegningarlaga verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærða og sakarkostnað staðfest með vísan til forsendna hans.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Arnar Helgi Lárusson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000

krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Helga Jóhannessonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 30. apríl 1997.

Ár 1997, miðvikudaginn 30. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Gunnari Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-417-1996: Ákærvaldið gegn Arnari Helga Lárussyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. apríl, er höfðað með tveimur ákærum á hendur Arnari Helga Lárussyni, Hringbraut 95, Keflavík, kt. 200576-3819. Hin fyrri er gefin út 22. október 1996, og er ákært „fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 20. apríl 1996 á salerni á efri hæð veitingastaðarins Kaffis Keflavíkur, Hafnargötu 38 í Keflavík, slegið Vigni Skúlason, kt. 261075-3699, hnefahögg í höfuð og í beinu framhaldi þess sparkað eitt spark í andlit hans, en við þetta brotnaði ein framtönn í Vigni, og tvær framtennur losnuðu ásamt því, að hann hlaut sár á efri vör vinstra megin við miðju, sem náði frá vörinni utanverðri og inn í munn.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Hin síðari er gefin út 27. febrúar 1997, og er þar ákært „fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 15. desember 1996 á veitingastaðnum Strikinu að Hafnargötu 37, Keflavík, slegið í andlitnið Andrés Breiðfjörð Agnarsson, kt. 050675-5729, en við þetta hlaut hann glóðarauga hægra megin.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Í þinghaldi 23. apríl sl. voru málin sameinuð og flutt sem eitt mál. Ákærði játaði þá sök samkvæmt ákæru 27. febrúar 1997. Hann hefur hins vegar þverneitað sök samkvæmt ákæru frá 22. október 1996.

Málsatvik.

Miðvikudaginn 24. apríl 1996 lagði Vignir Skúlason, kt. 261075-3699, fram kæru á hendur ákærða vegna líkamsárásar aðfaranótt laugardagsins 20. apríl 1996. Kvaðst hann hafa verið á veitingastaðnum Kaffi Keflavík og verið nokkuð ölváður. Það hefði verið um kl. háltvö um nóttina, að hann var staddur á efri hæð, þegar ákærði kallaði til hans að koma með sér inn á

salerni, sem þar er. Þegar þeir voru komnir inn á salernið, hefði ákærði læst dyrunum, farið úr jakkanum og slegið sig umsvifalaust í andlit með krepptum hnefa. Við það hefði hann lotið fram á við og ákærði þá sparkað í andlit sér með skótánni. Blóð hefði fossað úr sári á vör og úr gómi og myndast pollur á gólfinu. Engin orðaskipti hefðu farið á milli þeirra, eftir að inn á salernið var komið, og atburðurinn aðeins tekið nokkrar sekúndur. Á eftir hefði ákærði hótað sér, að hann myndi hafa verra af, ef hann kærði. Vignir taldi ástæðuna fyrir líkamsárásinni þá, að hann hefði verið í vinfengi við stúlku, sem ákærði taldi vera unnustu sína.

Í áverkavottorði Sjúkrahúss Suðurnesja segir, að kærandi hafi komið á slyssastofu 20. apríl 1996. Hann hafi verið með sár á efri vör, sem hefði verið saumað. Ein tönn hafi verið brotin og tvær lausar. Í vottorði tannlæknis segir, að hliðartönn neðri góms vinstra megin sé brotin þannig, að taug tannarinnar var sýnileg og blæðandi. Hliðarframtönn efri góms vinstra megin var með sprungur í glerungi og blæðing úr tannholdi umhverfis. Aðrir áverkar á tönnum voru ekki sjáanlegir.

Ákærði skýrir svo frá málavöxtum, að hann hafi ekki verið ölvaður umrætt kvöld. Hann hefði verið vondur út í kæranda, vegna þess að hann hefði stigið í vænginn við kærustu ákærða nokkrum dögum áður, þar sem hún var í ferðalagi á Akureyri. Ákærði mótmælir því algerlega, að hann hafi slegið eða sparkað í kæranda. Hann hafi ekki heldur farið með kæranda á salernið. Einu afskipti sín af kæranda þetta kvöld hafi verið þau, að þeir hefðu ýtt eitthvað hvor við öðrum fyrir um kvöldið. Annað hefði ekki farið á milli þeirra.

Framburður vitna.

Andrés Breiðfjörð Agnarsson, kt. 050675-5729, er kunningi kæranda. Hann kvað, þegar hann kom að salerninu á efri hæð skömmu eftir atburðinn, Stefán Þór Jóhannsson hafa verið inni á salerni ásamt kæranda, en Þórir Sveinbjörnsson staðið í dyrunum. Sá hann þar blóð út um allt og spurði, hvað hefði gerst. Kærandi svaraði, að ákærði hefði slegið sig. Ákærði kom þá inn á salernið og hótaði þeim, að þeir skyldu hafa verra af, ef þeir kærðu málið.

Stefán Þór Jóhannsson, kt. 260675-5169, sagðist hafa heyrt, að ákærði sagði við kæranda: „Vignir, ég þarf að tala við þig.“ Hefði hann síðan séð, að þeir fóru saman inn á salerni. Kærandi var alblóðugur í andliti, þegar hann kom út skömmu síðar, en ákærði gaf í skyn, að málinu væri hér með lokið.

Þórir Sveinbjörnsson, kt. 221275-2929, kvaðst hafa heyrt hávaða frá salerni og farið að gæta að, hvað um væri að vera. Í dyragættinni mætti hann

ákærða, sem var á leið út. Kærandi stóð við handlaug og var að þrifa sig. Hann var með skurð á vör, og blæddi mikið úr. Þórir kvaðst ekki hafa heyrt hótanir frá ákærða, en hann hefði sagt eitthvað á þá leið, er hann mætti honum í dyrunum, að nú væri málinu lokið.

Sveinn Gunnar Jónsson, kt. 080876-4839, Arthur Galves, kt. 170775-6199, og Sigurjón Elíasson, kt. 010377-4209, voru á Kaffi Keflavík umrætt kvöld. Þeir urðu ekki vitni að öðru en því, að þeir urðu varir við einhverjar orðahnippingar milli ákærða og kæranda fyrir um kvöldið.

Niðurstaða.

Eins og að framan er rakið, hafa vitni borið að hafa séð ákærða fara inn á salerni með kæranda á efri hæð í Kaffi Keflavík. Stuttu síðar var kærandi alblóðugur, en ákærði gekk út og hafði á orði, að nú væri málinu lokið. Fullkomin sönnun þykir fram komin fyrir því, að ákærði framdi brot það, sem honum er gefið að sök í ákæru frá 22. október 1996. Þykir mega leggja frásögn kæranda til grundvallar um það, hvað í raun gerðist inni á salerninu, enda styður framburður vitna þá frásögn. Árás þessi var hrottanfengin og án nokkurs réttlætanslegs tilefnis.

Ákærði hefur viðurkennt sök skv. ákæru, dags. 27. febrúar 1997, og gefur þá einu skýringu á árásinni, að sér hafi verið í nöp við Andrés Breiðfjörð Agnarsson fyrir að hafa borið vitni gegn sér í því máli, sem hér er til umfjöllunar.

Brot ákærða þykja rétt færð til refsíákvæða.

Sakaferill ákærða er þannig, að hann hefur fimm sinnum undirgengist sáttir fyrir brot á umferðarlögum. Með háttsemi sinni hefur ákærði unnið sér til refsingar, sem þykir hæfilega ákveðin fangelsi í þrjá mánuði.

Skaðabótakrafa Vignis Skúlasonar er að fjárhæð 189.810 krónur. Eigi eru skilyrði til að beita 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 vegna miskabótakröfunnar. Þá eru ekki heldur nægileg gögn í málinu til að kveða á um fjárhæð þjáningabóta eftir 1. mgr. 3. gr. skaðabótalaga eða bóta fyrir varanlegan miska samkvæmt 1. mgr. 4. gr., þar sem ákvörðun um miskastig, sbr. 1. mgr. 10. gr. laganna, liggur ekki fyrir. Miskabótakröfunni er því vísað frá dómi, en að öðru leyti verður skaðabótakrafan tekin til greina.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ. m. t. málsvarnarlaun og sak-sóknarlaun, eins og í dómsorði greinir.

2917

D ó m s o r ð:

Ákærði, Arnar Helgi Lárusson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði greiði Vigni Skúlasyni 89.810 krónur í skaðabætur.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ. m. t. 60.000 krónur í málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Lárentsínusar Kristjánssonar hdl., og 60.000 krónur í saksóknarlaun.
